

1. Sjóður við árslok 1875:		kr.	ar.
a, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum, samkvæmt tekjugrein 1. a. b. 1080 rd. eður	2160	»	
b, lánað mót veði í fasteign og 4% vöxtum:		kr.	
Jóni Stefánssyni $28/6$ 75	200		
Sigurði Guðnasyni $17/6$ 75	600		
Erlendi Jónssyni $11/1$ 75	100		
Guðjóni Jónassyni $5/7$ 75	200		
Marteini Halldórssyni $22/9$ 75	100		
Árna Stefánssyni $25/9$ 75	100		
	<u>1300</u>	»	
c, í vörzlum amtsins	169	15	3629 15
		Gjöld samtals	3629 15

Akureyri, 31. desemberm. 1876.

Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

40 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um prestvígslu hálf-skólagengings manns.* — Út af bönarbrjefi, er hingað kom með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 10. f. m., og þar sem Jón Bjarnason Straumfjörð, verzlunarþjónn, á nýjan leik fer því á flot, að hann megi vígjast til prests og sækja um eitt af þremur prestaköllum á Íslandi, er hann tilgreinir, þótt hann vanti hin nauðsynlegu skilyrði til að verða skipaður í andlegrar stjettar embætti, skal vísað til brjefs kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 25. okt. 1873¹, og yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þen þessi verður eigi veitt.

41 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli.* — Í þóknanlegu brjefi frá 28. septbr. f. á. skýrðuð þjer, herra landshöfðingi, frá því, að á síðasta alþingi hafi neðri deildin í stað stjórnarfrumvarpsins til laga um sölu á þeim $1/4$ silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, er landssjóðurinn á, fallizt á frumvarp um að skora á stjórnina að sjá svo fyrir, að lögbanni því, sem samkvæmt brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 7. nóvbr. 1872² var lagt á, að eigandinn að $3/4$ þörtum námans ynni hann, yrði þegar af ljett, og náminn, að svo miklu leyti sem hann er landsins eign, unninn á kostnað landssjóðs; en þetta frumvarp hafi verið fellt í efri deild þingsins, er aptur á móti hafi fallizt á lagafrumvarp, er þar hafi verið upp borið, um heimild fyrir stjórnina til að kaupa þá $3/4$ parta námans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á, en þetta frumvarp hafi neðri deildin ekki viljað aðhyllast. Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þessa skýrslu, hefir verið gjörð tilraun til að fá sameigandann til að vinna námann í fjelagi við stjórnina, en hann hefir neitað því, en hins vegar hefir ráðgjafinn þó ástæðu til að ætla, að hann muni enn vera tilleið-

1) Sjá Tíð. um stjórnarm. ísl. III. 679.

2) Sjá Tíðindi um stjórnarm. ísl. III. 532.